

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Borgarbraut-Vestursíðu.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 17. desember 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarbraut-Vestursíðu.

Breytingin felur í sér að jarðvegsmanir beggja vegna Borgarbrautar eru framlengdar ásamt því að breytingar eru gerðar á gróðri meðfram Borgarbraut frá skipulagsmörkum í norðri að Merkigili í suðri.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Háskólans á Akureyri.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 12. mars 2025 breytingu á deiliskipulagi Háskólans á Akureyri.

Breytingin tekur til lóðar D og felur í sér að hámarksbyggingarmagn minnkar úr 7.400 m² í 7.025 m².

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 19. mars 2025,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir,
fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 1. apríl 2025